



Alþingi
Erindi nr. P 143/465
komudagur 30.11.2013

Reykjavík, 30.11.2013

Umsögn Embættis landlæknis

Efni: Tillaga til þingsályktunar um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlunar

Vísað er til erindis sem barst Embætti landlæknis þann 7. nóvember sl., um mál nr. 89 til umsagnar, tillögu til þingsályktunar um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlunar.

Landlæknir fagnar því að lögð sé fram þingsályktunartillaga um mótun geðheilbrigðisstefnu og aðgerðaáætlunar, en brýn þörf er á samræmdum og heilðrænum aðgerðum stjórnvalda í þessum málaflokki. Í þingsályktunartillögunni er vísað í að árið 2005 hafi heilbrigðisráðherrar í aðildarríkjum Evrópudeildar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) staðfest yfirlýsingu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum. Þessu til viðbótar vill landlæknir einnig benda á að árið 2013 hafi bæði heimsþing og Evrópuþing WHO samþykkt stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum. Fulltrúar Íslands samþykktu þessar yfirlýsingar og því ætti að hafa þær til hliðsjónar við stefnumörkun hér á landi. Því er jákvætt að þessi þingsályktunartillaga sé lögð fram til að efla geðheilbrigðisþjónustu hér á landi.

Mikilvægt er að aðgerðir stjórnvalda á þessu sviði endurspegli áherslu á geðrækt og forvarnir til jafns við áherslur á meðferðarúrræði. Þjónusta sem hefur það markmið að efla geðheilsu, hamingju og vellíðan og sporna gegn þróun geðræns vanda er mikilvægur hluti af heilðrænni heilsuefningu á þessu sviði. Sérstaklega er mikilvægt að geðræktarstarf í skólum fái þann tíma, rými, fjármagn og aðstæður sem þarf til þess að hægt sé að hlúa vel að geðheilsu og lífsánægju barna og unglinga.

Hluti af forvörnum er auðvelt aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu til þess að grípa snemma inn í byrjandi vanda og fyrirbyggja þannig þróun alvarlegri og langvarandi vandamála. Í því skyni er lagt til að fjölga faglærðu geðheilbrigðisfólki í grunnþjónustunni. Í dag eru vandamál á sviði hegðunar og tilfinninga meðal algengustu viðfangsefna skólaheilsugæslunnar og því mikilvægt að innan hennar starfi fagfólk með fjölbreyttan bakgrunn sem hefur greiningu og meðferð hegðunar- og tilfinningaraskana á sínu sérsviði. Markmiðið ætti að vera að hægt yrði að sinna greiningu og meðferð vægra raskana af fagaðila sem starfar innan skólans í náinni samvinnu við foreldra og annað starfsfólk skólans.

Í ljósi þess hve mikil geðlyfjanotkun er á Íslandi í samanburði við önnur lönd, leggur landlæknir áherslu á mikilvægi þess að gera samanburð á þeim meðferðarúrræðum sem í boði eru við geðheilbrigðisvanda m.t.t. kostnaðarþátttöku hins opinbera. Í kjölfar þess er mögulegt að skoða fýsileika þess að auka kostnað ríkisins við gagnreyndar meðferðir annara en lyfja. Slík nálgun gæti leitt til minni geðlyfjanotkunar og þar með dregið úr kostnaði við geðlyf.

Einnig væri ákjósanlegt að sjá nefnt, undir helstu þáttum sem þurfa að koma fram í geðheilbrigðis- og aðgerðaáætlun, að allar aðgerðir stjórnvalda verði metnar með tilliti til áhrifa þeirra á geðheilbrigði þjóðarinnar áður en þær eru innleiddar, sbr. áherslur hjá WHO og Evrópusambandinu á þessu sviði um *mental health in all policies*.

Virðingarfyllst,

f.h. landlæknis

Sigrún Daníelsdóttir
Verkefnastjóri geðræktar

Dóra Guðrún Guðmundsdóttir
Sviðsstjóri Áhrifaþátta heilbrigðis